

Fundur fagráðs um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Stórhöfða
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	19.03.2018
<i>Fundarritari:</i>	Ágústa R. Jónsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>			
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Erna Bjarnadóttir, Henry Alexander Henrysson, Katrín Andrésdóttir, Ólafur Dýrmundsson, Þóra Jónasdóttir og Ágústa R. Jónsdóttir		

Dagskrá fagráðs um velferð dýra 19. mars 2018

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Fóðurtilraunir á Atlantshafslaxi (*ákvörðun frestað á síðasta fundi fagráð til að afla frekari upplýsinga*).
 - b. Mótefnaframléiðslu á einstofna mótefnum í erfðabreyttum músum (*ákvörðun frestað á síðasta fundi fagráð til að afla frekari upplýsinga*)
 - c. Hlutlæg greining á hreyfingum og holti í íslenska hestinum
3. Velferð fiska, einkum laxfiska, bæði í fiskeldi í kerjum á landi og sjókvíum, og við stangaveiði þar sem fiskum er sleppt aftur.
4. Tilkynningaskylda til Mast vegna ýmiskonar uppákoma/slysa (bruni, önnur tjón, bilanir). Allar dýrategundir
5. „Mutilation“, limlesting, bækling, örkuflun
6. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
 - a. Þóra upplýsti í upphafi fundar um stöðu varðandi skipulagningu námskeiðs fyrir atvinnubílstjóra sem flytja dýr sbr. rg. nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi. Norðmenn hafa sett saman námskeið en reglugerð um velferð dýra í flutningi þar á landi er svipuð og hér. Lbhlí vinnur að því í samvinnu við Norðmenn að koma á námskeiði í maí og september á þessu ári. Bent var á að margir einkaaðilar eru að flytja eigin dýr og rætt hvernig best megi nálgast þá og upplýsa þá um kröfur rg. nr. 527/2017 um velferð dýra í flutning. Það hefur verið gert m.a. með því að setja inn upplýsingar á heimasíðu MAST og facebook síðu stofnunarinnar.
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Fóðurtilraunir á Atlantshafslaxi. Á síðasta fundi var óljóst af fyrirbyggjandi gögnum hvort rannsóknin væri leyfisskyld og því ákveðið að fresta afgreiðslu. Upplýsingar liggja nú fyrir sem staðfesta að tilraunin er leyfisskyld en starfsstöðin hefur ekki starfsleyfi til að halda tilraunadýr auk þess sem upplýsingar um mannúðlegan endapunkt vantar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar eða þar til fullnægjandi gögn hafa borist.
 - b. Mótefnaframléiðslu á einstofna mótefnum í erfðabreyttum músum. Rannsóknin er mjög umfangsmikil og ekki náðist að fá send inn öll viðbótargögn og vinna úr þeim sem þegar höfðu borist svo hægt sé að taka umsóknina til efnislegrar meðferðar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

- c. Hlutlæg greining á hreyfingum og helti í íslenska hestinum. Markmið rannsóknarinnar er að þróa aðferð við hlutlæga greiningu á hreyfingum mismunandi gangtegunda hjá íslenska hestinum og greina helti. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar með þeim fyrirvara að 1) Matvælastofnun berist upplýsingar um mannúðlegan endapunkt 2) að stutt samantekt um rannsóknina verði send til Matvælastofnunarinnar.
3. Velferð fiska, einkum laxfiska, bæði í fiskeldi í kerjum á landi og sjókvíum, og við stangaveiði þar sem fiskum er sleppt aftur. Tilfni umræðunnar er m.a. fjölmiðlaumfjöllun og umræða um velferð fiska, t.d. við veiðar á villtum fiskum sem er sleppt. Afföll fiska í eldi er einnig áhyggjuefni, svo sem nýlegt dæmi er um eða 20% þegar eldisfiskur var færður á milli kerja við mjög óhagstæð umhverfisskilyrði. Aflifun eldisfiska var einnig rædd en lög um velferð dýra ná ekki til veiða á villtum fiski. Ákveðið er að afla frekari gagna um „veiða-sleppa“ aðferðina og rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessari aðferð. Málið verður tekið upp aftur að lokinni gagnaöflun.
4. Tilkynningarskylda til Mast vegna ýmiskonar uppákoma/slysa (bruni, alvarleg slys, bilanir). Umræður um nauðsyn þess að MAST fái upplýsingar um mikil afföll og/eða alvarleg slys við dýrahald allra dýrategunda. Fagráð sammála um að hvetja þurfi fólk til að láta vita ef afföll verða á bústofni af hvaða orsökum sem er og að gera þurfi átak í að upplýsa um tilkynningarskyldu, sérstaklega aðila sem vinna með dýr. Þá þarf að vinna að markvissara eftirliti með slyshættu.
5. Mutilation“, limlesting, bækling, örkumlun. Spurning hvort skilgreina þurfi eða skýra hvað felist í orðinu limlesting t.d. þegar farið er í lifandi vef. Ágætis umræða spannst og vill fagráð hvetja til að hugtök og orðskýringar verði betur skilgreindar í reglugerðum.
6. Önnur mál
- a. Umræða var um of mikinn þéttleika á nautgripabúum sem rekja má til þess erfitt er að koma gripum til slátrunar fyrr en eftir langa bið. Skýrist þetta m.a. af miklum innflutningi á erlendu kjöti. Fagráð hvetur Matvælastofnun og Landssamtök kúabænda til að beita sér sameignlega fyrir umræðu um þetta málefni, þannig að reglur um þéttleika séu virtar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14.40. Næsti fundur verður 26. apríl 2018 .